

MOSFELLINGUR

1. tbl. 6. árg. föstudagur 12. janúar 2007. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós

Afreksmaðurinn og kraftakarlinn Hjalti „Úrsus“ Árnason

Mosfellingur ársins

Kraftakarlinn og kerfisfræðingurinn landsþekkti Hjalti Árnason er Mosfellingur ársins 2006. Hjalti lét mikið að sér kveða á liðnu ári og þar bar hæst frumsýning heimildamyndar hans „Þetta er ekkert mál“. Myndin hefur fengið frábæra dóma og var m.a. tilnefnd til hinna Íslensku Edduverðlauna. Mosfellingur færði Hjalta, í tilefni nafnbótarinnar Mosfellingur ársins, listaverk að gjöf sem hannað er af leirlistarkonunni Þóru Sigurþórsdóttur.

Nánari umfjöllun má sjá á bls. 7

Ljós. Hilmar

EIGN VIKUNNAR

Spóahöfði

NÝTT Á SKRÁ

Kjarna,
Pverholti 2
Mosfellsbæ

586 8080

www.fastmos.is



Sjá nánar á bls. 3

Fasteignasala
Mosfellsbæjar



Einar Páll Kjærnesteð
Löggiltur fasteignasali

175 m2 raðhús
Vorur að fá fallett raðhús á þessum
vinsæla stað í Höfðahverfinu.



Okkur vantar hressst og
duglegt fólk til starfa hjá
okkur í Mosfellsbakari.

Vinnutíminn er:

virka daga frá 13:00-18:30
og einn dag aðra hverja helgi.
Uppfýsingar veitir Aslaug á
staðnum eða í síma 5666145
og 6602155.

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

Jóns B. ehf

Flugumýri 2 Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is



Vottað verkstæði

CABAS
tjónaskoðun

Þjónustuverkstæði - útvegum bílaleigubíla



MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is
www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Álafossvégi 18, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamenn: Ágúst B. Linn og
Ruth Örnólfsdóttir
Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.
Prófkort: Hjördís Kvaran Einarisdóttir
Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson
Prentun: Prentmet, 3500 eintök

Aðsendar greinar skulu ekki vera lengri en 500 orð.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Fokking Mosfellsbær

Það hefur eflaust mörgum Mosfellingnum brugðið í brún þegar horft var á Áramótaskaupið í ár. Dvergurinn spurði: Hvaðan ert þú eiginlega?



Þá kom það í ljós að Þorsteinn var ættaður úr Reykjavík sem væri höfuðborgin á Íslandi og enginn fokking Mosfellsbær eins og hann orðaði það. Þeirra tal hélt svo áfram um rafmagn og heita vatnið

enda verið að gera grín að auglýsingu Orkuveitunnar. Erum við öfunduð af heita vatninu sem kemur hér upp úr jörðinni? Hvað varð um slagorðið „heit sveit með sögu“. Dalvíkingar gátu komu sér á kortið með einhverjum súpudögum, Bolvíkingar eru með ástarviku eða eitthvað álíka, hvar eru heitu dagarnir og næturnar í Mosó? Bærinn tvítugur á árinu og aldrei verið heitari? Erum við þekkt fyrir eitthvað annað? Getur heita vatnið kannski fleytt okkur áfram eða er nóg að heita bara Mosfellsbær? „Svona viljum við hafa það. Ekkert vesen og allt í góðu lagi.“

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri



Reykjavegi 36
Sími 566 6103

www.isfugl.is



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar Golfklúbburinn Kjölur var með innanhússaðstöðu fyrir kylfinga sína að Flugumýri 24. Þar æfðu kylfingar sig allan veturinn og þótti aðstaðan góð en einnig nýstárleg þar sem lítið var um inniáðstöðu hjá golfklúbbum almennt á þessum tíma. Lögð var áhersla á unglingsstarfið. **Fremri röð frá vinstri:** Anna Kristín Ármannsdóttir, Eva Ómarsdóttir, Inga María Ottósdóttir, Helga Rut Svanbergisdóttir, Linda Gunnarsdóttir, Sigurður Karl Ottósson, Davíð Már Vilhjálmsson og Bjarni Jensson.

Aftari röð frá vinstri: Tómas Jónsson, Kári Emilsson, Björn Örvar Björnsson og Pétur Berg Matthíasson.
Myndin er tekin í apríl árið 1995.
Myndin er fengin úr fréttaritinu Varmá.




HÉÐAN OG ÞAÐAN



ÆSKUMYNDIN hennar Vallýjar

Þessi æskumynd af mér var tekin árið 1965. Þá var ég 15 ára gömul. Ég var nýbúin að kaupa mér þennan flotta flauelskjól. Ég á þennan kjól enn þá og hafa margir fengið hann lánaðan. Ég fór til ljósmyndara sem heitir Óli Páll en hann þótti sá besti í bransanum. Ég man að ég fór að minnsta kosti tvisvar sinnum í mánuði í lagningu til að verða svona fin um hárið. Til að fjármagna reksturinn þá bar ég út Morgunblaðið og passaði börn. Ég var mjög bráðþroska og komst inn á alla dansstaði. Glaumbær var aðalstaðurinn ásamt Þórskaffi. Þessa staði fór ég mest á með vinkonum mínum sem voru 3-4 árum eldri en ég. Það var ekkert mál að komast inn þó maður væri ekki nema 15 ára.





www.fastmos.is
Sími: 586 8080

**Kjarna, Pverholti 2
 Mosfellsbæ**

**EINAR PÁLL KJÆRNESTED
 Löggiltur fasteignasali**



Hjallahlíð – 4ra herb.

Falleg 94 m², 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í litlu fjórþýli með sérinnngangi af svalgangi. Baðherbergi er flisalagt í hólf og gólf m/sturtu, eldhús með góðum borðkrók og flísum á gólf, fallegt teppi á stofu og gangi, 3 svefnherbergi með linoleum dúk á gólf og vinnukrúkur. Mjög stutt er í nýjan grunnskóla, leikskóla og glæsilega sundlaug. Afhending í febrúar.
Verð kr. 21,9



Miðholt – 2/3ja herb.

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá 70,1 m² 2-3ja herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölþýli við miðbæ Mosfellsbæjar. Þetta er rúmgóð og björt íbúð á góðum stað í nágrenni við alla þjónustu og skóla. Stór hjónaherbergi, baðherb. m/sturtu, eldhús, sér þvottahús, stofa og ósamb. aukaherbergi.
 Fin eign fyrir ungt fólk að hefja búskap.
Verð kr. 15,9 m.



Tröllateigur 141-150 m² íbúðir

Til sölu þrjár 150 m² íbúðir í nýju fjórþýlishúsi í byggingu við Tröllateig 41 í Mosfellsbæ. Húsið er eitt síðustu húsa í nýju hverfi sem er að rísa við miðbæð Mosfellsbæjar. Stutt er í alla þjónustu, skóla og íþróttasvæði. Íbúðirnar eru 4ra – 5 herbergja og afhendast fullbúnar með innréttingum, en án gólfefna, þó verður baðherbergi og þvottahús flisalagt. Íbúðirnar verða afhentar í apríl 2007.
Verð frá kr. 31,5 – 32,5 m.



Hjallahlíð – 4ra herb. jarðhæð

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá 94 m², 4ra herbergja íbúð á jarðhæð í litlu fjórþýli á góðum stað í Hjallahlíð. Þetta er rúmgóð íbúð rétt við Lágafellsskóla og leikskólan Hlíð. Glæsileg sundlaug opnar bráðlega í næstu götu. Afgirt timburvernd út frá stofu og stór afgirtur garður í kringum húsið.
Verð kr. 21,7 m.



Viðiteigur - raðhús

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá 82,1 m² raðhús á einni hæð með möguleika á allt að 28,6 m² stækun, við Viðiteig 4 í Mosfellsbæ. 2 góð svefnherbergi, baðherbergi, geymsla/þvottahús, stofa og eldhús með borðkrók. Stór sérgarður í suðurátt. Möguleiki að stækka upp í ris og byggja sólstofu við húsið. Stutt í þjónustu í miðbæð Mosfellsbæjar. **Verð kr. 21,5 m.**



Prastarhöfði 1-3 - 116 m² íbúð m/bílakj.

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá mjög fallega 116,1 m², 4ra herbergja íbúð á jarðhæð í nýju fjölþýli með bílastæði í bílajakjallara. Íbúðin er mjög rúmgóð, með 3 góðum svefnherbergjum, baði með sturtuklefa, sér þvottahúsi og fallegu eldhúsi. Parket og flisar á gólfum og mahony innréttingar. Ný sundlaug, leikskóli og grunnskóli hinum megin við götuna.
Verð kr. 29,8 m.



Álmholt – 236 m² einþýli + aukaíb.

Erum með 236,1 m² einþýlishúsum með aukaíbúð í kjallara, þar af 48,2 m² tvöfaldur bílskúr. Aðalhlæðin er 140 m² og skiptist í stofu, eldhús, þvottahús, 4 svefnherbergi og baðherbergi. Í kjallara er björt 2ja herbergja íbúð tilvalin til útleigu eða fyrir unglínginn. Húsið stendur innanlega í lóðinni og stórt og gott bílapan og mikill suðurgarður.




Barrholt – 225 m² einþýlishús

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá fallegt 224,7 m² einþýlishús á einni hæð með bílskúr og vinnustofu við Barrholt í Mosfellsbæ. Um er að ræða "hefðbundin" 174 m² einþýlishús í Mosfellsbæ, en á síðasta ári var byggt við húsið 50 m² vinnustofa sem eftir er að fullklára. Hún gæti einnig vel nýst sem stór bílskúr, unglíngaherbergi eða aukíbúðarymi. Frábær staðsetning, rétt við alla þjónustu og skóla.
Verð kr. 49,5 m.



Lindarbyggð – Glæsilegt parhús

Til sölu mjög glæsilegt 177,1 m² parhús á einni hæð á fallegum stað í lokuðum botnlanga í Lindarbyggð í Mosfellsbæ. Húsið er teiknað af Ingimundi Sveinsyni, arkitekt og mjög bjart og rúmgott. Stór stofa með góðri lofthæð og borðstofa við hlíð eldhúss. 4 góð svefnherbergi, sjónvarpshol og glæsilegt baðherbergi. Bílskýli hefur verið lokað af og gæti vel nýst sem t.d. unglíngaherbergi. Fallegur suðurgarður og hellulagt bílapan. Þessar eignir eru sjaldséðar á fasteignasölum. **Verð kr. 41,8 m.**



Lítlikriki 28 – 219 m² einþýli -fokhelt

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá 219,2 m² einþýlishús í byggingu, með TVÖFÖLDUM bílskúr í nýju hverfi í Mosfellsbæ. Húsið er staðsteypt hús á einni hæð með hefðbundnu timburpaki, með alzink bárujárn. Íbúðin verður 177,0 m² og bílskúrin verður 42,2 m². Húsið afhendist í vor, fokhelt, með grótfafnaðri lóð, gluggar glerjaðir og þakkantur frágenginn.
Verð kr. 38,4 m.



9,7 ha land í Mosfellsdal.

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá í sölu 9,7 hektara land á fallegum stað í Mosfellsdalnum. Rammaskipulag á þessum stað í Mosfellsdalnum gerir ráð fyrir ca. 1 hektara lóðum undir einþýlishúsum ásamt hesthúsum/ gróðurhúsum. Suðurá liggur meðfram landinu að austanverðu og Æsustaðafell er að sunnanverðu. Allar nánari upplýsingar gefur Einar Páll hjá Fasteignasölu Mosfellsbæjar.



Miðholt – 3ja herb.

82,4 m², 3ja herbergja endaíbúð í 11 íbúða fjölþýli í miðbæ Mosfellsbæjar. Íbúðin er mjög björt og vel um gengin – baðherbergi m/kar, 2 fin svefnherbergi, stór stofa/borðstofa og eldhús inn af stofu. Svalir í suðurátt og stutt í alla þjónustu. Þetta er björt og rúmgóð íbúð á hagstæðu verði.
Verð kr. 17,8 m.



Byggingarlóðir í Leirvogstungu

NÝJAR LÓÐIR Á SVÆÐI 3 Erum að taka á móti tilboðum í lóðir undir einþýlishúsum og raðhús á svæði 3A við Laxatungu í Mosfellsbæ. Þetta er eitt af fallegustu byggingarlóðnum á höfuðborgarsvæðinu, með Leirvogsa og Köldukvísl á sitt hvora hönd. Á svæðinu verða eingöngu byggð einþýls-, rað- og parhús. Kynntu þér málið á www.leirvogstunga.is eða hafðu samband við okkur hjá Fasteignasölu Mosfellsbæjar.



Mosfellingum fjölga ört

Samkvæmt nýjustu tölum Hagstofu Íslands eru Mosfellingar nú orðnir 7.501. Íbúum hefur því fjölgað um tæplega 400 á einu ári. Á þessu ári er því líklegt að íbúafjöldinn fari vel yfir 8.000.



Jón Kalman hlýtur viðurkenningu

Rithöfundurinn Jón Kalman Stefánsson hlaut hina árlegu viðurkenningu Rithöfundasjóðs Ríkisútvarpsins nú á dögumum. Viðurkenningunni fylgdi 600.000 króna styrkur. Þá er bók Jóns, Sumarljós og svo kemur nóttin tilnefnd til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2007 en þau verða veitt í byrjun mars.

Jólatrén í Hamra- hlíð bjarga jólonum

Mikil eftirspurn var fyrir jólatrám fyrir jólin. Svo mikil var hún að allsstaðar á höfuðborgarsvæðinu voru trén uppseld rétt fyrir jól, nema hjá Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar. Mikið var því um fólk í Hamrahlíðinni á Þorláksmessu og aðfangadag og vonandi að sem flestir hafi náð sér í jólatré. Formaður félagsins er Elísabet Kristjánsdóttir.



Pakka samstarfið

Til nemenda minna í 6. SHG Varmárskóla 2005-2006 og foreldra þeirra. Gledilegt ár, takk fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum.



Innilegt þakklæti fyrir hlýja jólakveðju og frábæra jólagjöf sem við Björgvín hlökkum til að nota. Þið eruð alveg einstök.

Kveðja Sesselja.

Birgir Örn Birgisson 14 ára varð fyrir skelfilegri lífsreynslu á gamlárskvöld

Með ólíkindum að sleppa við augnskaða



Þrír ungir Mosfellingar fóru óvarlega með flugelda nú um áramótin. Birgir Örn Birgisson og tveir félagar hans, þjuggu til heimatilbúna sprengju sem þeir kveiktu svo í á gamlárskvöld. Sprengjan sprakk í höndum þeirra og allir slösuðust drengirnir en mismikið þó.

Leituðu hjálpar í nærliggjandi hús

Birgir brenndist á andliti en var í hönskum sem komu í veg fyrir bruna á höndum. Strákarnir tóku í sundur tvær vístistertur og settu púðrið úr þeim í plastpoka. Síðan gerðu þeir gat á pokann og kveiktu í með skelfilegum afleiðingum. Birgir segir að þeir félagarnir hafi ekki gert sér grein fyrir því hversu kraftmikil sprengjan myndi verða. Strax eftir sprenginguna leituðu drengirnir eftir hjálp í nærliggjandi húsum og stuttu síðar kom sjúkrabíll sem flutti þá á slysaðeild Reykjavíkur.

Undraverður bati á húðinni

Birgir Örn gisti í nokkra daga á

Barnaspítala Hringins ásamt öðrum drengnum en sá þriðji slapp það vel að ekki þurfti að leggja hann inn á spítala. Faðir Birgis, Birgir Haraldsson, segir að sár sonar síns hafi gróðið hratt og undravernt hversu fljótt húðin er búin að jafna sig. „Það er alveg ótrúlegt að sjá muninn á síðustu dögum. Það er líka borið á húðina Móa jurtasmyrslu í tíma og ótíma og þetta smyrslu hefur reynst frábærlega við að græða sárin. Þá á starfsfólk spítalanna okkar hrós skilið fyrir vel unnin störf.“ Birgir segir einnig að það sé ótrúlegt að allir drengirnir hafi sloppið við augnskaða.

Víti til varnaðar

Birgir Örn segist hafa lært mikið

á þessari dýrkeyptu lexíu. Menn eigi ekki að fíkta við sprengjugeð því lítið þurfi til þess að illa fari. Það sé vonandi að fólk nýti sér lífsreynslu hans sem víti til varnaðar. „Ég mun aldrei gera neitt svona aftur á ævinni enda var sársaukinn ólýsanlegur“, sagði Birgir Örn við blaðamann Mosfellinga.

Of mörg slys af þessu tagi

Á hverju ári verða alltaf slys af völdum flugelda. Það er afar nauðsynlegt að foreldrar brýni fyrir börnum sínum hversu hættulegt það getur verið að fíkta með eldfim efni og flugelda. Menn hugsa alltaf að svona lagað geti ekki komið fyrir mann sjálfan heldur einungis aðra. Mikilvægast er að fræða ungmennin um virkni og skaðsemi þess að fíkta með flugelda.

agust@mosfellingur.is

Samstíga náum við árangri

Eins og mörgum er kunnugt er Mosfellsbær þátttakandi í sameiginlegu þróunarverkefni Lýðheilsustöðvar og sveitarfélaga sem nefnist „**Allt hefur áhrif einkum við sjálf**“. Markmiðið með verkefninu er að bæta lífshætti barna og fjölskyldna þeirra með áherslu á hreyfingu, bætt mataræði og andlega vellíðan.

Stofnaður var stýrihópur í Mosfellsbæ árið 2005 sem síðan hefur unnið að markmiðsetningu og aðgerðaráætlun vegna verkefnisins.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti aðgerðaráætlun stýrihópsins á fundi sínum þann 1. nóvember síðastliðinn. Með því varð Mosfellsbær fyrsta sveitarfélagið, af þeim tuttugu og fimm sem taka þátt í verkefninu, til þess að samþykkja aðgerðaráætlunina.

Í aðgerðaráætluninni eru lagðar til leiðir til þess að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í áætluninni. Til þess að markmiðunum verði náð er nauðsynlegt að virkja til samstarfs ýmsa aðila í sveitarfélaginu svo sem grunn- og leikskóla, foreldrafélög, eldri borgara, atvinnurekendur og alla þá aðila sem koma að íþrótt- og

tómstundastarfi í Mosfellsbæ.

Lýðheilsustöð mun sjá um mat á verkefninu en stöðumat var tekið á árunum 2005-2006. Þá voru sendir út spurningalistar til skólustjórnenda leik- og grunnskóla, barna og unglinga í 6., 8. og 10. bekk og til foreldra 11-12 ára barna. Niðurstöður þessara kannana má nálgast á heimasíðu Lýðheilsustöðvar: www.lydheilsustod.is. Kannanir verða síðan endurteknaðar á árunum 2007-2010. Lýðheilsustöð mun einnig standa fyrir fræðslu í sveitarfélagunum fyrir starfsmenn stofnana, foreldra og nemendur.

Stýrihópur verkefnisins mun á næstu dögum blása til sóknar og hefja aðgerðir. Aðgerðaráætlunin verður send til allra aðila sem ætlunin er að virkja til samstarfs. Mikil áhersla verður því lögð á að ná góðu samstarfi við grunn- og leikskóla og alla þá sem koma að íþrótt- og tómstundastarfi í Mosfellsbæ.

Aðgerðaráætlunina má lesa í heild á heimasíðu Mosfellsbæjar www.mos.is. Þar er hnappur fyrir verkefnið sem heitir: Allt hefur áhrif einkum við sjálf.

Að lokum.

Nokkur heilræði eftir jólin:

Borðum ávexti og grænmeti

Ávaxta- og grænmetisneysla Íslendinga hefur aukist talsvert á undanföllum árum en hún þarf samt að vera mun meiri til að uppfylla ráðleggingar um hollt mataræði. Íslendingar borða að meðaltali aðeins tæplega helminginn af því sem ráðlagt er, sem er að minnsta kosti 500 g á dag eða 5 skammtar sem oft er talað um. Skammturinn getur verið meðalstór ávöxtur eða um 100 g af grænmeti.

Munið 5 á dag!

Stundum hreyfingu sem veitir okkur vellíðan, miðað við getu og áhuga

- Fullorðnir hreyfi sig rösklega í minnst 30 mínútur daglega
- Börn hreyfi sig rösklega í minnst 60 mínútur daglega
- Markmið fyrir fullorðna er að ná minnst 10,000 skrefum yfir daginn

Fyrir hönd stýrihópsins
Sólborg Alda Pétursdóttir
verkefnisstjóri



Frá vinstri Ólafur Sigurðsson skólameistari Borgarholtsskóla, Daði Þór Einarsson stjórnandi Skó. Mos. og þeir hljóðfæraleikarar sem stunda nám í Borgarholtsskóla, Agnes Þorkelsdóttir, Viktoría Birgisdóttir, Arnór Ágústsson og Örn Þórisson.

Borgarholtsskóli og skólahljómssveitin í samstarf

Fá tónlistina metna

Fyrir jól voru nýstúdentar útskrifaðir frá Borgarholtsskóla og lék Skólahljómssveit Mosfellsbæjar fyrir hátíðargesti. Við þessa hátíðlegu athöfn var undirritað samkomulag milli Borgarholtsskóla, Skólahljómssveitar Mosfellsbæjar og Fræðslu- og menningarsviðs Mosfellsbæjar um mat á starfi nemenda í Borgarholtsskóla sem stunda æfingar og tónleikahald með Skólahljómssveitinni. Samkomulagið felur m.a. í sér að þeir nemendur Skó. Mos. sem stunda nám í Borgar-

holtsskóla fá metið eina einingu á önn hafi nemandi náð að minnsta kosti 90% mætingu á æfingar og tónleika. Með þessu móti getur nemandi fengið 6 - 8 einingar metnarsamhliða því að taka þátt í starfi Skólahljómssveitar Mosfellsbæjar. Samkomulagið undirrituðu þau Ólafur Sigurðsson, Skólameistari Borgarholtsskóla, Daði Þór Einarsson, stjórnandi Skólahljómssveitar Mosfellsbæjar og Sólborg Alda Pétursdóttir, Grunnskólafulltrúi Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar.

Opið allan sólarhringinn

Við erum við Esso stöðina Háholti í Mosfellbæ, Reykjavíkurvegi Haf. og í Bæjarlind Kóp. - miðstöð bílaunnenda!

Fyrir þá sem hugsa vel um bílinn sinn! Sími 544 4540

Ósk um tilnefningu til jafnréttisviðurkenningar árið 2006



Jafnréttisáætlun Mosfellsbæjar gerir ráð fyrir því að árlega sé þeim einstaklingi, stofnun, fyrirtæki eða félagsamtökum í Mosfellsbæ sem hefur staðið sig best við að vinna að framgangi jafnréttisáætlunarinnar veitt jafnréttisviðurkenning.

Með hliðsjón af fyrrgreindu er hér með óskað eftir tilnefningu um aðila sem til greina geta komið. Í tillögunni skal vera skrifleg lýsing á því jafnréttisstarfi/verkefni sem viðkomandi aðili hefur innt af hendi í bæjarfélaginu ásamt rökstuðningi fyrir tillögunni.

Tillögurnar berist í síðasta lagi 9. febrúar 2007 til þjónustuværs Mosfellsbæjar Þverholti 2, merkt „Jafnréttisviðurkenning árið 2006“.

f.h. fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar
Félagsmálastjóri

Mosfellsbær - Þverholti 2 - sími: 525 6700 - www.mos.is

Tilkynning til leigusala íbúðarhúsnæðis



Vegna umsókna leigjenda um húsaleigubætur er undirrituðum kunnugt um að töluverður fjöldi leiguíbúða í Mosfellsbæ uppfyllir ekki skilyrði um brunavarnir og björgunarleiðir.

Í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 kemur fram að eigandi mannvirkis ber ábyrgð á að það fullnægi kröfum um brunavarnir sem fram eru settar í lögum og reglugerðum og taki mið af þeirri starfsemi sem í mannvirkinu fer fram á hverjum tíma.

Í byggingarreglugerð nr. 441/1998 kemur fram að björgunarrop skulu vera nægilega mörg og þannig staðsett að íbúar geti auðveldlega bjargað sér út af eigin rammleik.

Af þessu tilefni er skorað á alla húseigendur sem leigja út íbúðarhúsnæði að ganga úr skugga um að húsnæðið uppfylli fyrrgreind skilyrði.

Húsnæðisfulltrúi

Mosfellsbær - Þverholti 2 - sími: 525 6700 - www.mos.is



Falleg jólaskreyting verðlaunuð

Orkuveita Reykjavíkur hefur frá síðustu aldamótum veitt verðlaun fyrir fallegar jólaskreytingar í þeim bæjarfélögum sem Orkuveitan þjónustar. Hér í bæ þótti hús þeirra Hrafnhildar Sveinbjörnsdóttur og Einars S. Magnússonar í Arnartanga 22 bera af öðrum. Umsögn dómnefndar var sú að smekklegr ljúsing skreytinga á húsi og garði mynduðu skemmtilega og hlýja heild.



Flugeldasala gekk vonum frammar

Hin árlega flugeldasala Björgunarsveitarinnar Kyndils gekk afar vel. Samkvæmt Bent Helgasoni varaformanni Kyndils var salan meiri en menn þorðu að vona. Fyrir hönd sveitarinnar vildi Bent koma á framfæri þakklæti til sveitunga fyrir stuðninginn og að ágóðinn komi til með að nýttast vel í hið fjölbreytta starf björgunarsveitarinnar.

TEXTURE
hárstofa
www.texture.is
HÁHOLT 23 - SÍMI 566 8500

Meningarkvöld 15. janúar

Opið hús/meningarkvöld FaMos í janúar verður mánudagskvöldið 15. janúar kl. 20 á venjulegum stað, Safnaðarheimili Lágafellssóknar í Þverholti 3. Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson, höfundar bókarinnar Mosfellsbær, saga byggðar í 1100 ár, tína til ýmislegt sem ekki komst í bókina. Með þeim verður Jón Sigurjónsson ljósmyndari og sýnir nokkrar einstakar myndir sem hann tók í sambandi við gerð bókar Bjarka og Magnúsar.

Þjónustumiðstöðin

Handavinnustofan í Þjónustumiðstöð aldraðra á Hlaðhömrum er opin þriðjudaga og fimmtudaga eftir hádegi. Einnig er spilað bridge og vist í kaffisalnum. Íþróttasalurinn með þrekkækjum er opin allra daga fyrir eldri íbúa bæjarins. *Innritun á eftirtalin námskeið er hafin: Bókband, tréskurð, glerlist, postulínsmálun, línudans*



Valdimar Leó sagði sig úr Samfylkingunni á dögunum en er ekki hættur í pólitík

Hefur áhuga á Frjálslyndaflokknum

Mosfellingur hitti Valdimar Leó Friðriksson og lék forvitni á að vita hvað væri framundan.

Hvað er þingmaðurinn að gera?

Ég hef verið að afla mér gagna um verðtryggingu lána, kosti og galla og hvort ekki sé rétt að afnema hana. Umræðan er alltaf þöggvud niður. Við verðum að skoða málið til hlítar og þá munum við mögulega komast að því að bankarnir séu búnir að stela af almenningi gífurlegum fjárumunum með verðtryggingu og okurvöxtum.

Annars er annasamt þing framundan. Ma. Rúv-frumvarpið, frumvarp um æskulýðsfélög, ferðasjóður íþróttafélaga og málefni aldraðara.

Hvað með Mos?

Ég er stöðugt með puttana á framhaldsskóla í Mosfellsbæ. Hannerkomin á kortið en við þurfum að tryggja að bæjarbúar fái einhverju ráðið um staðsetninguna. Ég tel vænlegast að hafa hann nálægt miðbænum en ekki á bæjarmörkunum við Rvík eins og menntamálaráðherra vill.

Svo eru það vegaúrbætur við Þingvallaaflleggjara. Samgönguráðherra hefur svarað mér því í fyrirspurnar-

tíma að hringtorg komi þar á þessu ári. Þar réð þrýstingur Dalbúa miklu. Mitt er að halda málinu vakandi.

Ætlarðu aftur í Samfylkinguna?

Að vel athuguðu máli sé ég það ekki gerast.

Hættur í pólitík?

Nei.

Hættur á þingi?

Að öllu óbreyttu hætti ég 12. maí. Hvort ég verði á einhverjum framboðslista í vor er ákvörðun sem aðrir en ég hafa vald til að taka.

Ertu á leið í Frjálslynda?

Ég hef verið að fara yfir stefnu Frjálslynda flokksins og get viðurkennt að hún fer vel að mínum áherslum. Stefnan er skýr og þeir hafa ekki gefist upp á að heimta leiðréttingu á þeirri misgjörð sem kvótakerfið er. Það gengur ekki að

ein manneskja hjá Samfylkingunni ákveði að kvótaumræðan skuli tekin af dagskrá, það þarf að leiðrétta þennan glæp, þegar örfáum einstaklingum var úthlutað fiskveiðikvóta okkar. Frjálslyndir eru með tillögu á þinginu um afnám verðtryggingar á húsnæðislanum og ekki minnkar það áhuga minn.

Þú ERT á leið í Frjálslynda?

Þú ert erfiður. Ég hef áhuga á því.

Eitthvað að lokum?

Já, ég vil koma á framfæri þakklæti til þeirra sem veittu mér stuðning í prófkjöriinu. Jafnframt vonast ég til að næsta ríkisstjórn beri gæfu til að ná sáttum við aldraða.

hilmar@mos-fellingur.is

Valdimar Leó stendur á tímamótum. Hættur í Samfylkingunni en ekki í pólitík.

Myndlistaskólinn í Reykjavík með útibú á Korpúlfsstöðum

Fjölbreytt námskeið í boði

Nú í haust opnaði Myndlistaskólinn í Reykjavík útibú á Korpúlfsstöðum í tengslum við stofnun Sjónlistamiðstöðvar þar sem 40-50 myndlistamenn og hönnuðir vinna undir sama þaki og margvísleg verkstæði eru í uppbyggingu. Skólinn býður upp á námskeið fyrir börn frá 6-16 ára. Kennir er í litlum hópum þar sem færi gefst á einstaklingsmiðuðu námi. Eitt megin markmið kennslunnar er að örva skapandi hugsun og persónulega tjáningu og þar með auka hæfni nemenda til að takast á við verkefni á frjóan hátt. Gengið er út frá grundvallaratriðum sjónlista í tvívídd og þrívídd; form, rými lit og ljós og skugga. Nemendur læra

að beita ýmsum áhöldum og efnum og læra þar með að þroska almenn vinnubrögð og tilfinningu fyrir formi og efni. Með því móti er leitast við að kveikja áhuga á myndgerð og formhugsun í víðara samhengi, m.a. lista og menningarsögu.

Allir kennarar Myndlistaskólans eru starfandi myndlistamenn og hönnuðir. Myndlistaskólinn er lifandi vettvangur listsköpunar þar sem hátt í 400 nemendur stunda nám á hverri önn - ýmist í fullu námi eða sækja námskeið. Með samstarfi við þá listamenn og hönnuðir sem vinna á Korpúlfsstöðum fá nemendur innsýn inn í vinnu listamanna og hönnuða og geta nýtt sér þá aðstöðu



sem verið er að koma upp í hinni nýju Sjónlistamiðstöð. Nánari upplýsingar má finna á heimsíðu skólans www.myndlistaskolinn.is

ELDRI BORGARAR

Bíóferð á Mýrina

Ferð verður á kvikmyndina Mýrina í Smárabíó mánudaginn 15. jan. Lagt verður af stað frá Hlaðhömrum kl. 16. Upplýsingar um starfið, innritun á námskeiðin og þátttaka á bíóferðina tilk. til forstöðumanns í síma 5868014 e. h. og gsm 6920814.

Íþróttakennari óskast

Kennslan fyrir eldri borgara fer fram í íþróttasal í Þjónustumiðstöð. aldraðra á Hlaðhömrum. Sími 5868014 e. h., forstöðumaður.

MOSFELLINGUR ÁRSINS



Hjalte Árnason tekur við nafnbótinni Mosfellingur ársins úr höndum Hilmars Gunnarssonar ritstjóra Mosfellinga. Með á myndinni er Brynja Hlíf dóttir Hjalta.


Hjalte „Úrsus“ Árnason er Mosfellingur ársins Stór og sterkur athafnamaður

Hjalte „Úrsus“ Árnason er Mosfellingur ársins 2006. Þetta er í annað sinn sem þessi heiðurstitill er veittur af bæjarblaðinu Mosfellingi en Sigsteinn Pálsson, fyrrverandi bóndi á Blikastöðum, hlaut titilinn fyrir ári síðan.

Hjalte er einn mesti afreksmaður landsins í kraftlyftingum og hefur unnið til fjölda titla sem slíkur, bæði héraendis sem og erlendis. Undanfarið ár hefur hann lagt metnað sinn í að skrásetja sögu eins þekktasta afraunamanns Íslands, Jóns Páls Sigmarssonar. Mynd hans, sem ber heitið „Þetta er ekkert mál“, er mest sötta heimildamynd sem gerð hefur

verið á Íslandi og er meðal annars tilnefnd til Edduverðlaunanna. Hátt í 12.000 manns hafa séð þessa heimildamynd sem hefur vakið mikla athygli. Mikill áhugi er meðal erlendra kvikmyndargerðarmanna að fá hana sýnda. Sala myndarinnar héraendis í formi DVD er þegar komin í gullsölu sem er ótvírætt merki þess að myndin hafi fallið í góðan jarðveg. „Það er von mín að minningin um Jón Pál, þennan frábæra féлага og vin, gleymist aldrei“, sagði Hjalte. Að lokum vildi Hjalte bæta við að sú nafnbót að vera Mosfellingur ársins væri sannur heiður.

Mosfellingur óskar Hjalta velfarnaðar og til hamingju.



Vinirnir Jón Páll og Hjalte að taka við verðlaunum úr höndum Mark Ten eftir sigur í heimsmeistarakeppni. Myndin er tekin í Montreal, Kanada árið 1986.



Gjaldfrjáls 5 ára deild um áramót

Nú um áramótin fengu foreldrar og aðstandendur fimm ára barna í Mosfellsbæ sent bréf frá bæjarstjórn. Innihald bréfsins hefur vafalaust glatt viðtakendur en efni þess var að nú um áramótin var fimm ára deild leikskólanna í Mosfellsbæ gerð gjaldfrjáls. Bréfið var undirritað af Karli Tómassyni, forseta bæjarstjórnar, og Ragnheiði Ríkhardsdóttur bæjarstjóra. Karl sagði þetta stór tímamót í bæjarfélaginu og það væri gaman að Mosfellsbær væri eitt fyrsta bæjarfélag landsins til að koma þessu mikla framfararskrefi í framkvæmd. „Þetta eru tímamót sem allir ættu að fagna“ sagði Karl Tómasson.



Forseti Íslands Hr. Ólafur Ragnar Grímsson var meðal gesta á forsetningu heimildamyndar Hjalta um Jón Pál. Á myndinni sýnir Hjalte forsetanum hvernig steinatök fara fram.



Starfsmaður óskast í 70-100% starf



Starfið felst í stuðningi við hreyfihamlaðan dreng. Viðkomandi þarf að geta hafið störf hið fyrsta. Laun skv. kjarasamningi LN og Stamos. Upplýsingar gefa Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri í síma 525-9200 eða 896-8230 og Sigríður Johnsen skólastjóri í síma 896-8210.

Umsóknum skal skilað á skrifstofu skólans eða senda í tölvupósti á netföngin: johannam@lagafellsskoli.is eða sigridur@lagafellsskoli.is

Mosfellsbær - Þverholti 2 - sími: 525 6700 - www.mos.is

Nýrnagjafinn og vinurinn Guðjón

Framkvæmdastjóri Íslensks textíldnaðar hf., Guðjón Kristinsson, bjargaði lífi þýsks vinar síns, Carls Edens, með því að gefa honum annað nýra sitt. Carl er með ólæknandi nýrnasjúkdóm og sá fram á átta ára bið eftir nýju nýra. Guðjón ákvað því að athuga hvort nýru hans myndu koma Carl að gagni og sú varð raunin. Guðjón fór því út til Þýskalands í aðgerð í október. Í dag eru þeir báðir við hestaheilsu.



Íkveikjufaraldur

Eldur kviknaði í þremur bílum á vinnusvæði í Leirvogstungu þann 24. desember síðastliðinn. Það tók slökkviliðsmenn um klukkustund að slökkva eldinn og eru bílarnir þrír mikið skemmdir. Rannsókn á eldsupptökum stendur yfir. Þá var kveikt í blaðagámi aðfaranótt 30. desember. Greiðlega gekk að slökkva eldinn en lögreglan telur að um íkveikju af völdum ungmenna sé að ræða.



Gjaldskrárhækkanir um áramótin

Hinu ýmsu gjaldskrár bæjarins hækkuðu um áramótin. Verð félagsstarfs aldraða hækkaði um 5%, einnig fæðisgjald og þá hækkaði vatnsveita og hitaveita. Fyrirhuguð er hækkan um 5% á gjöldum leikskóla, frístundasela, tónlistarskóla og íþróttamiðstöðva þann 1. ágúst næstkomandi.



Jólskraut ekki látið í friði í Töngunum

Haft var samband við blaðið og kvartað yfir ítrekuðum skemmdarverkum á jólaskrauti í bakgarði húss í Bugðutanga. Auk þess hefur fánastöng heimilisins ekki fengið að vera í friði. Veifu og öðru tilheyrandi hefur verið stolið í skóli nætur. Það er því einlæg ósk hjónanna í Bugðutanga að skreytingar þeirra verði framvegis látnar í friði.

Sögukornið



Kristinn Magnússon
fallar um fornleifar í Mosfellsbæ

Grjóthrun eða grafreitir?

Við skráningu fornleifa kemur stundum upp sú staða að skrásetjari stendur ráðþrota gagnvart því sem hann hefur fyrir framan sig. Það kann að vera augljóst að það sem hann horfir á er búið til af mönnum. Hvað það er, hvenær það var búið til eða hverjir gerðu það er hins vegar fullkomlega óljóst. Þetta kemur sem betur fer ekki oft fyrir. Í flestum tilfellum eru til einhverja upplýsingar sem gefa vísbendingar. Örnefni eins og Stekkjarhólar í nágrenni rústa gefa til kynna að um stekkjartóftir sé að ræða. Stundum bera rústir nafn svo ekki fer á milli mála til hvers þær voru notaðar, t.d. Víkursel. Oft er, út frá rituðum heimildum, hægt að gera sér í hugarlund til hvers mannvirki, sem nú eru orðin að rústum, voru notuð. Í flestum tilfellum geta ábúendur jarða upplýst um tegund rústa. Þeir sem skrá fornleifar öðlast svo að sjálfsögðu reynslu til að greina rústir í landslaginu og ákvarða eðli þeirra og aldur. En öðru hverju kemur upp sú staða að óvissan er það mikil að ekki verður kveðið upp úr um það á hvers konar rúst er verið að horfa né hvort hún sé gömul eða tiltölulega ung. Í slíkum tilfellum eru leifarnar skráðar sem fornleifar og tegund þeirra sögð óþekkt.

Tvær grjóthrúgur

Í grasi- og mosavaxinni brekku milli nyrstu húsanna, sem nú eru að rísa, í nýja Krikahverfinu og Vesturlandsvegur eru tvær grjóthrúgur. Önnur þeirra er u.p.b. 100 m vestur af Reykjavegi og álíka langt suður frá Vesturlandsvegi. Hún er sporöskjulaga, 7 m löng og 3 m á breidd. Hrúgan er mjög mosavaxin. Svo virðist sem steinaröð sé umhverfis steinahrúguna þ.e. steinhleðsla, en þó mikið hulin mold. Hrúgan rís því



sem næst 1 m frá yfirborði. Vestari langhliðin er nokkuð bein en eystri hliðin er rúnaðri eða ef til vill meira hrúnin. Hin steinahrúgan er miklu greinilegri. Hún er u.p.b. 50 m suðvestan við fyrri grjóthrúguna, ofar í hallanum. Þessi grjóthrúga er hringlaga, rúmlega 6 m í þvermál. Yst er steinaröð stærri steina sem er að mestu vaxin grasi og mosa. Innan hringins er mikil grjóthrúga úr smærri steinum. Þessi hrúga er ekki eins mosavaxin og hin en þó eru mosaflekkir yfir grjótinu sem sýna að ekkert hefur verið hreyft við því í langan tíma. Nærri norðurjadrí hringins er hola í hrúgunni sem er tæplega 1 m í þvermál.

Dysjar eða grjóthreinsun?

Það lægi auðvitað beinast við að álykta sem svo að þetta væru dysjar og að í steinahrúgunum liggja bein einhvers eða einhverra. Það er hins vegar mjög ótrúlegt að ekki sé til vitneskja um það í heimildum eða hjá heimamönnum ef um dysjar væri að ræða. Hitt er algengara að sögusagnir um dysjar hafi festst

við ólíklegustu hóla og mishæðir. Steinahrúgur sem þessar myndast oft þar sem grjót hefur verið hreinsað úr túni. Þetta gætu verið slíkar hrúgur. Hugsanleg skýring er að fólk hafi gert það að leik sínum að kasta grjóti í þessa hauga. Það er t.d. þekkt að skátar hafa í gegnum tíðina búið til allskyns form á víðavangi úr grjóti. Ef einhver býr yfir laus þessarar ráðgátu væri undirritaður þakklátur að heyra frá viðkomandi.

Krikahverfið var þannig skipulagt að grjóthrúgunum tveimur átti ekki að stafa hætta af framkvæmdum við gerð gatna og byggingu íbúðarhúsa þar. Þær lenda rétt utan við svæðið sem ætlað er fyrir íbúðabyggð. Jarðýtuför við minni hrúguna sýna þó að þar hefur litlu mátt muna að ekkð væri yfir hana. Uppmökstur úr grunni hússins sem næst stendur stóru steinahrúgunni er aðeins í nokkurra metra fjarlægð frá hrúgunni. Það er því ljóst að þarna þarf að gæta varúðar ef ekki á illa að fara.

Kristinn Magnússon
fornleifafraeðingur

Ræðusafn séra Bjarna Sigurðssonar er nú aðgengilegt almenningi

Ræðusafn afhent á héraðsskjalasafnið

Skömmu fyrir jól afhentu afkomendur séra Bjarna Sigurðssonar (1920-1991) ræðusafn hans á Héraðsskjalasafni Mosfellsbæjar. Séra Bjarni var sóknarprestur í Mosfellssveit og á Kjalarnesi um langt árabil og í safni hans eru hátt í 300 líkræður frá árunum 1954-1991. Þar má finna víðamikla persónusögu um marga gengna Mosfellinga og Kjalnesinga en séra Bjarni var annálaður fyrir vandaðar útfararræður. Á myndinni eru afkomendur hans ásamt Sólveigu Magnúsdóttur héraðsskjalaverði sem veitti ræðusafninu viðtöku.



Þriggja mánaða kort

12.900 kr.

ÞÍN STÖÐ Í ÞÍNU BÆJARFÉLAGI

FÁÐU MEIRA FYRIR LÍTIÐ
Vandaðir hóptímar
Þrautreyndir kennarar
Góður tækjasalur
Sundlaug og heitir pottar
...aðeins fyrir 2.900 kr.
á mánuði (Klúbbkort)



Í TOPPFORMI - ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI AÐ VARMÁ - S: 566-7888 - WWW.ITOPPFORMI.IS

Níu deildir eru starfræktar innan Aftureldingar

Allar deildir fyrirmyndarfélög ÍSÍ

Þann 30. desember voru fjórar deildir Aftureldingar útskrifaðar sem fyrirmyndarfélög ÍSÍ. Þessar deildir eru karatedeildin, handknattleiksdeildin, körfuknattleiksdeildin og badmintondeildin. Þar með eru allar deildir innan Aftureldingar orðnar að fyrirmyndarfélögum ÍSÍ. Það var formaður ÍSÍ, Ólafur Rafnsson, sem afhenti formönnum deildanna viðurkenninguna.



Góð þátttaka á áramóti Kjalar

Áramót í golfi var haldið á gamlársdag hjá golfklúbbnum Kili. Þátttaka var góð og var þetta mót fjórða stærsta mótið sem Kjölur hélt á liðnu ári. Í höggleik án forgjafar sigraði Ágúst Axelson GR en Hilmar Harðarson endaði í öðru sæti.

Unnu sína riðla í knattspyrnu

Annar flokkur karla í knattspyrnu hjá Aftureldingu vann riðil sinn á Íslandsmeistararmótinu helgina 5. - 7. janúar. Mótið var haldið að Varmá. Þá sigraði fjórði flokkur kvenna sinn riðil um sömu helgi. Það mót var haldið á Seltjarnarnesi. Báðir flokkarnir koma því til með að spila til úrslita í byrjun



Borðtennisklúbburinn Spaðinn hefur verið starfræktur í fimm ár

Atli Reynir áramótameistari

Híð árlega áramót Spaðans í borðtennis var haldið laugardaginn 30. desember. Undanfarin ár hefur borðtennisfélagið Spaðinn staðið fyrir ára og páskamóti. Það var fyrirverandi formaður Spaðans, Atli Reynir Reynisson, sem fór með sigur af hólmi þetta árið. Mótið heppnaðist vel og verður komandi páskamót Spaðans enn veglegra.



Hér er Atli Reynir fyrir miðju ásamt Atla Viðari sem endaði í 3. sæti og Óla Karls sem lenti í 2. sæti á mótinu.

Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá Jako

NAMO ehf. - Þverholti 2 - Kjarna
S. 566-7310 og 896-0131

Fax: 566-7241
namo@namo.is

JAKO



Blakdeild fær styrk

Blakdeild Aftureldingar fékk á dögunum 100 þúsund króna styrk frá Íþróttasjóði menntamálaráðuneytisins 2007. Styrkurinn verður nýttur til kaupa á blakboltum og til fræðsluverkefnis um krakkablak.



...að World Class verði með líkamsræktarstöð í Lækjarhlíð

...að fótboltaheitan Gunní Borgþórs fari á kostum í nýjasta myndbandinu hjá strákunum í svörtum fötum, Paradís

...að Herdís og Elli séu komin heim frá Færeyjum, en hvað þau voru að gera þar veit enginn

...að miklar sprengingar hafi blossað úr áramótabrennunni og m.a. lúðrasveitin mátti fötum sínum fjór að launa

...að hægt sé að hækka og lækka botninn í innisundlauginni í Lækjarhlíð eftir þörfum

...að margir hafi komist í hann krappann fyrir jólin þegar ljóst var að ekki var hægt að kaupa hamborgarhrygginn hjá Geira í Nótúni

...að flugeldasýningin á áramótabrennunni hafi verið næstum helmingi dýrari en á þrettándabrennunni

...að Njalli njálgur sé mjög vinsæll á leikskólum bæjarins þessa dagana

...að Feldurinn sé að deita

...að flestir Mosfellingar séu 42 ára gamlir samkvæmt nýjustu tölum

...að flestir fimleikabjálfarar hjá Aftureldingu hafi sagt upp á dögnum og standi í stappi við stjórn deildarinnar

...að íþróttamenn Mosfellsbæjar æfi báðir utan bæjarins um þessar mundir

...að íbúar í Túnunum séu orðnir langþreyttir á truflaðri útvarpstíðni vegna Úlfarsfells

...að Sigga Gangó sé enn að

...að hestamenn séu flestir komnir með hrossin í hús

...að Erlingur hafi verið álfakóngur á þrettándanum í 100. skiptið

...að löggan komi til með að vera á göngu um bæinn á næstunni við löggæslu en það er liður í nýjum áherslum lögreglustjóra

...margur verði af aurum api

Sendið okkur slúður...
SMS í síma 694-6426

mosfellingur@mosfellingur.is

Arna Dís Kristjánsdóttir og Gestur Baldursson eignuðust stúlkubarn 2. janúar

Fyrsti Mosfellingur ársins 2007



Ljós. Ágúst

Fyrsti Mosfellingur ársins 2007 kom í heiminn 2. janúar klukkan 17.04. Það var falleg stúlka og vóg hún 16 merkur og var 51 cm að lengd við fæðingu. Foreldrar hennar eru þau Arna Dís Kristjánsdóttir og Gestur Baldursson. Fæðingin gekk að vel að sögn Örn

og heilsast þeim mæðgum vel. Þegar að blaðamann Mosfellings bar að garði var nýbúið að ákveða nafn stúlkunnar og er það opinberað fyrst hér og nú í Mosfellingi að nafn hennar verður Maríana Mist. Fjölskyldan í Arnartanganum er nú fimm manns en fyrir áttu þau Arna og Gestur tvær

stúlkur, Birgittu Sunnu og Elísabetu Lilju. Á myndinni má sjá Elísabetu og Maríönu í faðmi foreldra sinna en Birgitta Sunna var að heiman. Mosfellingur færði fjölskyldunni fallegan blómvönd frá Hlín í Blómahúsinu og óskar þeim velfarnaðar á komandi árum.



Í eldhúsinu

hjá Unni

Brúna tertan

Í eldhúsinu hjá Unni ömmu hefur „brúna tertan“ aldrei dottið úr fyrsta sæti vinsældarlistans hjá yngstu kynslóðinni.

Þó börnin hafi stækkað og verið til í að prófa aðrar sortir, þá tóku ömmubörnin við og nú eru það langömmubörnin sem gera alltaf ráð fyrir að Unnur amma sé með „brúna tertuna“ nýbakaða á borðinu.

Hér kemur uppskriftin af „brúna tertunni“ óbreytt frá árinu 1967.

Svampterta
125 gr. smjörliki
155 gr. sykur
3 egg
125 gr. hveiti
1 og ½ tsk. ger
1 msk. kakó
3 msk. heitt vatn

Smjörliki og sykri hrært saman í hræivél. Bætið einu egg út í í einu. Þar næst er hveiti, geri og kakói bætt við. Að endingu fer vatnið út í deigið. Setjið svo deigið í tvö form. Hitið ofninn í 150 gráður og bakið í um það bil korter.




Krem
50 gr. smjörliki
100 gr. flórsykur
1 eggjarauða
Vanilludropar.

Kremið hrært saman og sett á milli tertubotnanna.



Strengdir þú áramótaheit?



Davíð H. Svansson

Ég er nú ekki vanur að strengja áramótaheit, gerði það nokkrum sinnum fyrir einhverjum árum en það var alltaf bara eitthvað sem var í tísku það árið eða mér fannst sniugt að segja þá, þannig að ég féll nú bara á þeim nokkrum dögum eða vikum seinna. Svo ég reyni nú bara að hafa örlítið meira gaman en á árinu áður, Standa mig betur í því sem ég tek mér fyrir hendur og vinna fleiri leiki en árið áður :) Það getur svo sem vel verið að ég strengi heit einhvern tímann ef þannig liggur við, og finnst mér flott að fólk geri það hvað þá standi við það, því það er alltaf gott að hafa einhver markmið og/eða hafa eitthvað að stefna að.



Friðrik Karl Karlsson

Ég hef gert það að vana mínum að strengja áramótaheit, mér finnst mjög gaman að hafa einhver markið fyrir komandi ár og reyni að hafa þau í erfiðari kantinum. Ég er ákaflega stoltur yfir því að áramótaheitin mín undanfarin ár hafa oftast tekist. Í þetta skiptið er áramótaheitin frekar persónuleg þannig að ég mun ekki deila þeim hér eitthvað frekar.




Særún Ingimundardóttir

Það eru mörg ár síðan ég hætti að strengja áramótaheit, ég stóð aldrei við þau hvort sem var. En þegar kalkúnninn er búinn, allir sprungnir úr ofáti, hundurinn kominn á róandi og restin af fjölskyldunni búinn að missa sig í að skjóta upp flugeldum, hlakka ég alltaf til nýs árs alveg handviss um að það verði ennþá betra en það sem er að kveðja. Síðan er alveg ómissandi að mæta á þrettándabrennu, kveðja jólin og enda í súkkulaði og kökum hjá vinum. Bestu nýárskveðjur.



Sigurður Kjartansson

Yfirleitt strengi ég áramótaheit um hver áramót. Það er alltaf gaman að standa við heitin. Til dæmis ein áramótin hét ég því að fara að stunda líkamsrækt reglulega og hef ég staðið við það síðan. Reglan er reyndar sú að ljóstra ekki upp áramótaheitunum fyrirfram.



Lárus Haukur Jónsson

Já ég geri það og undanfarin ár hefur það reyndar alltaf verið sama heitið. Það er þannig að um hver áramót nota ég tækifærið og þakka fyrir hve lífið er dásamlegt. Ég heiti því að leyfa hinum sem því nenna að sjá um að væla. Mér finnst ekki að eyða því í annað en skemmtilega hluti.



DANSSKÓLI HEIÐAR ÁSTVALDSSONAR



Halló! Halló!

Kennum í Varmárskóla Mosfellsbæ á fimmtudögum og föstudögum.

10 vikna námskeið byrja 18. og 19. janúar 2007




Salsanámskeið. Verðum með gestakennara frá Kúbu.

Fín fjárfesting á lágu verði.

Fyrir börn yngst 4 ára. Barna og samkvæmisdansar.
Unglingar. Það nýasta í Hip Hop og öðrum unglingadönsum.
Hjón og pör. Allir venjulegir samkvæmisdansar. Skýrum út tónlist og takt og kennum nemendum að þekkja hvað á að dansa eftir hinum ýmsu lögum.

Kennarar. Heiðar, Svanhildur, Harpa og Erla.



Innritun virka daga frá kl. 16:00 - 20:00 í síma 551 3129 og allan sólarhringinn á heidarast@visir.is

STEINDI JR.

SÉR UMALT
FYRIR UNGA
FÓLKID

VINSÆLUSTU BLOGGHÓPAR BÆJARINS

Hver man ekki eftir poxinu, körfuboltamyndunum, Jóló-æðinu og hermannaklossunum. Þetta eru allt æði sem heyra fortíðinni til, það nýjasta í dag er bloggíð. Mosfellingur skeltti sér á netið nýlega og gróf upp síður hjá vinsælustu blogg-hópum bæjarins. Hér fyrir neðan er smá úttekt á þeim síðum; hverjir eru í hvaða hóp, hverjir eru með stóran lók og hverjum varð brátt í brók???



KLÓSETT-GENGIÐ

Svipur, rjómi, þvottaefni og gúmmihanskar er bara brot af því sem Klósett-gengið bloggar um. Mikill einkahúmor einkennir síðuna og ekki er laust við að fólki klæi í heilann við lesninguna.

blog.central.is/tojletgeng



MOSÓ-TÍKURNAR

Ef þú vilt vita hver hefur skitið á sig, étið heilt oststykki eða misst meydóminn með hrossi, þá er þetta rétta síðan fyrir þig. Ef eitthvað sláandi gerist í bænum þá geturu kikk inn á Draumakaffi og fengið glóðvolgar upplýsingar, því þar ráða tíkurnar lögum og lofum. Án efa ein virkasta síðan í bænum

blog.central.is/mosotikur



TELPUNAR

Ice-girls eru búnar að vera lengi í bransanum. Í byrjun voru telpunar eldheitar og oft mjög tilfíninganæmar umræður í gangi. Í dag blogga þær aðallega um hvar þær ætli að hittast næst til að horfa á „Americas next top model“.

blog.central.is/telpunar



MOSÓKEPPIR

Sveittir, tæpir mosókeppir er yfirskrift síðunnar og segir allt sem segja þarf. Nokkrir félagar sem notast mikið við ógeðismyndir í færslum sínum en þar má samt finna klassa húmor inn á milli.

blog.central.is/mosokeppir



STUÐHÆURNAR

Bloggsíða sem haldið er út af helstu stuðningsmönnum meistaraflokksins í handbolta. Finasta blogg hjá strákum sem hafa gjörsamlega haldið stemmingunni lifandi á leikjum hjá kjúklingunum undanfarin ár. Vel gert!

blog.central.is/studhaenurnar



GAYTHUGZ

Viriklega brenglaður einkahúmor og allskonar vafasamt dót í gangi á þessari síðu. Furðulegur vinahópur sem ákvað að búa til bloggsíðu til að lækka simreikninginn. Aðgangi er meinað á síðunni með lykilorði, enda held ég að það sé öllum fyrir bestu.

blog.central.is/gaythugz



TEAMGUIDO

Hér eru nokkrir samkynhneigðir félagar komnir saman og halda úti mjög ferskri bloggsíðu að mínu mati. Góðir pennar og skemmtilegar þælingar.

blog.central.is/teamguido



88-GENGIÐ

Það er óstöðvandi party í gangi hjá stelpunum í 88-genginu. Mikið er lagt upp úr myndum og skemmtilegheitum. Flöskurefsing í hámarki... Ég er að fil'etta!

88gengid.bloggar.is



MOSURNAR

Tú telstur á sama aldri eru búnar að reka þessa bloggsíðu í dágóðan tíma. Síðan var mjög fersk til að byrja með en í dag vantar allan kraft í skrifin. Færslurnar í dag fjalla aðallega um Sólon eða Oliver. Fin afþreying

blog.central.is/mosurnar



2. FLOKKUR

Strákarnir í öðrum flokki í fótboltanum halda úti þessari klassa síðu. Fyrir utan allar upplýsingar um komandi leiki og fleira, þá er einnig mikið af dúndur færslum og virkilega góðum myndum inni á síðunni. Enda er ritsjóri fotbolti.net meðlimur flokksins.

blog.central.is/2afturelding



270-CREW

Heitustu kapparnir í Varmárskóla koma hér saman og gefa eldri bloggurum ekkert eftir. Fyndar sögur, slangur, stelpugal og slúður. Allt sem lífið fjallar um á þessum aldri... Ég er ánægður með ykkur...

blog.central.is/270-crew



MOSÓ-FÓLK

Fólk sem er hëðan og þaðan úr bænum á mismundi aldri kemur hér saman og talar um rallið, þau kalla sig "flottasta fólkíð" í bænum - og ef þau ætla að standa undir nafni þá verða þau aldeilis að spýta í lófana. Ágæt síða en vantar fleiri myndir og fjór.

blog.central.is/moso-folk



MOSÓ-DJAMM

Þrátt fyrir það sem nafnið gefur til kynna þá er þessi síða ekki eingöngu um svallið. Margir skemmtilegir náungar hér á ferðinni. Á síðunni er einnig hægt að horfa á sketsa og fleira „fönni stöff“. Flott síða.

moso-djamm.bloggar.is/



MOZO_90

Stór hópur af stelpum sem eru að stíga sín fyrstu skref í framhaldsskóla. Mikið um svik á síðunni, þó allt í gríni, en þær hafa gaman af því að breyta myndum hvor af annari, fyndar færslur og finn húmor.

blog.central.is/mozo_90



PARTY OF 5

Aldursforsetar bloggsins í Mosfellsbæ sjá um að halda þessari síðu ferskri. Stelpurnar eru duglegar að skrifa og mikið af myndum að skoða. Vel þess virði að líta við...

blog.central.is/partyof5

Starfsmenn í frístundasel



Mosfellsbær óskar eftir að ráða starfsmann í frístundasel. Laus er ein staða í frístundaseli við Lágafellsskóla frá 14 til 17 alla virka daga. Frístundaselinn bjóða upp á ýmsa þjónustu fyrir nemendur í 2. – 4. bekk grunnskóla eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur. Einnig vantar starfsfólk í afleysingar. Tilvalið fyrir skólafólk.

Hæfniskröfur:

Uppeldismenntun og/eða reynsla af starfi með börnum. Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í samskiptum.

Umsóknum má skila inn á skrifstofu Mosfellsbæjar, 1. hæð, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ. Einnig er hægt að senda inn umsóknir á heimasíðu Mosfellsbæjar www.mos.is Laun greidd samkv. kjarasamningum starfmannafélags Mosfellsbæjar.

Allar nánari upplýsingar veitir Lilja forstöðumaður í Frístundaseli v/ Lágafellsskóla í s: 863 0701, frá 10-12:00 alla virka daga eða á fristundlagafell@mos.is

Fræðslu- og menningarsvið Mosfellsbæjar

Mosfellsbær - Þverholti 2 - sími: 525 6700 - www.mos.is

Spennandi
Myndlistanámskeið
fyrir börn og
unglinga

Korpúlfsstöðum

MYNDLISTASKÓLINN
REYKJAVÍK
sími 551 1990

www.myndlistaskolinn.is

SMÁAUGLÝSINGAR

Bílskúr í Hjallahlíð

Óska eftir að kaupa bílskúr við Hjallahlíð ef einhver er í söluhugleiðingum má sá hinn sami hringja í gsm 659-6979. *Edda*

Íbúð til leigu í

Tveggja herbergja íbúð í Þverholti til leigu í 6 mánuði, með möguleika á framlengingu um aðra 6. Húsgögn, ísskápur og þvottavél fylgja með, ef vill. *Upplýsingar í síma 699-1114, Kristján.*

ÞÚ
SÆKIR

Hawaii pizza skinka og ananas

12" 999 kr.

16" 1199 kr.



Pizza mánaðarins

SPURNING TIL BÆJARBUA

Hver er besti skyndibitinn í bænum?



ARNA
Kentucky



BJARNÍS
Snæland vídeó



KARL
Kentucky Fried chicken



KRISTINN
Subway



DAGNÝ
Kjúllinn á KFC



GUÐMUNDUR
KFC



Þrír hressir á Akrabrennu



Draumadrottningar



270 partíí



Foreldrarir verðandi



Frændsystkinin



Systkinin mætt í húsið



Heitustu gaurarnir í bæjarferð



Bronkóinn og Jóhann



Eru ekki allir í stuði???

HVERJIR VORU HVAR?

Allar myndir eru vel þegnar - mosfellingur@mosfellingur.is



Ekki mikið kók, ekki mikinn ís



Þórborg??



Haaallóóó



Hver hefur sinn djöful að draga



Stelpurnar að pósa



Biggi Bongó



Koddu í sleik marr



Bingi með tvo í taki



Partý hjá Gauja



Talking to me??



Furðuleg stemmning



Syngjandi sveittir naglar



Sturtuhengi??



Elli, Brynja og Matti hress



Fermann??



Hekla og Tíkurnar



Systurnar



Partíy-hjálmurinn



MótóMosarnir fríka út

SÖGULEGAR SÆTTIR



BLAÐAKÓNGARNIR

KALLI TOMM OG GYLFI GUÐJÓNS

SJALDAN VERIÐ HRESSARI

TVÍFARAR



ANDRÉS



DAVEY Í AFI

MOSÓ! CAPITAL OF ICELAND 2007

Nýárspistill kallar á nýárskevðju. Gleðilegt ár Mosfellingar. Í stað þess að gera upp árið í þessum pistli þá ætla ég að tala um árið sem er nýgengið í garð. Ég meina það vita allir hversu feitt Magni meikaði það í Rock Star og hversu vel Mosfellingtonum gekk í prófkjörslegnum.

Árið 2007 leggst alveg ótrúlega vel í mig. Þessi tala er bara svo smooth. Reyndar hef ég alla tíð haft sérlega mikið dálæti af tölunni 7. Hún er bara talan mín. Þess vegna hef ég bullandi trú á því að árið 2007 verði frábært og ef ég sannfæri ykkur lesendur um að þetta verði besta ár lífs ykkar með stórum yfirlýsingum mínum og óbugandi trú á tölustafnum 7, þá er ég viss um að sú verði raunin. Semí.

Hvað á eftir að gerast á árinu 2007 spyrjið þið. Ég skal sko segja ykkur það! Til dæmis opnar Alli Rúts loksins hótelið margumtalaða við Áslák. Það verður einn

vinsælasti áfangastaður ferðamanna á Íslandi. Áslákur breyttist um leið í heitasta skemmtistað höfuðborgarsvæðisins og þar verða meira að segja gay-kvöld einu sinni í mánuði.

Við erum nú þegar með stærsta Kentucky-stað í Asíu? Og ekki má gleyma stærstu Krónu-búð á landinu. Í þetta föngulega safn bætist stærsti dýrgarður á Íslandi/Sædýrasafnið kemur með kommbakk og það í Mosó.

Það sem gerist einnig á árinu er að Kjuðinn opnar aftur og í þetta sinn verður hann á efstu hæðinni í Kjarnanum. Eigendur Kjuðans verða Ólafur Snorri Rafnsson betur þekktur sem Roffman á dögum Kjuðans og Eyjólfur Kolbeinsson markmaðurinn snjalli í liði Aftureldingar í meistara-flokki í handbolta, betur þekktur sem Kolli Úll.

Það er ekki séð fyrir endann á framkvæmdaglegi Mosfellinga á árinu 2007 því enn ein sundlaugin er væntanleg í bæinn. Hún verður þar sem Nóatúnsverslunin var. Ekkert að því? Spurning hvort það sé ekki hægt að byggja eina upp í byggðum líka þá erum við nokkuð vel sett.

Já árið 2007 verður spekkeitt. Það vantar ekki góðir hálsar en feitasti bitinn er eftir. Ó já! Því þann 17. júní næstkomandi verður Mosfellsbær gerður að Höfuðstað Íslands. Reykjavík er algjörlega 2006. Mosó er framtíðin, það er bara basic...



SLÆÆ

TRÚ Á ÁRAMÓTAHEIT

Alltaf skal maður standa rétt fyrir miðnætti á áramótunum með heimsins stærstu hugmyndir hvað skal ráðast í á komandi ári. Hver nýju heitin séu. Sumir verða svo staðfastir í vilja sínum og gerast svo kræfir að líma þau á eina væna bombu og senda það upp í heiminn, því þá fyrst er ástæða til þess að standa við sett mörk.

Ég man þegar litla baugin mín þarna uppi fékk sína fyrstu kennslu um hvað áramótaheit væru. Þá var maður lítill feit budda, sem var klár á því að þetta væri algjör töfraleið á leið til sigurs. Þá fylgdi ekki bitur reynsla fullorðinsáranna, (en ég er búin að upplifa alveg rúmt eitt), og enginn voru takmörkin fyrir því sem áorka átti á nýju ári. Eitt árið man ég að heitin voru að missa 10 kg (mátti við því þá), fá 10 í öllum fögnum í skólanum, verða prinsessa í mínu eigin landi sem skyldi beran nafnið Karland, hækka eilíftíð og verða 180 eins og Cindy Crawford (vantaði ekki nema bara 20 cm),



Þetta afa minni fyrsta skipti þrátt fyrir að hann hafi dáíð 20 árum fyrir minni tíma (veit ekki alveg hver þælingin var þar). Spúkí krakki?

Eftir það árið fóru væntingar mínar til áramótaheita að dala og hvert árið sem leið urðu þær minni og minni. Ég segi nú ekki að draumurinn um Karlandið hafi horfið fyrstu árin eftir vonbrigðin, en then again, frekar tregt barn.

Þannig að áramótaheitin þetta árið hljómuðu eitthvað á þennan veginn: borða á hverjum degi, detta ekki í dópið og jafnvel klippa tánegurnar 1-2 sinnum. Vonin er að ári muni ég standa sem sigurvegari heitanna með gleði í hjarta.

KARA



Opið öll kvöld



Hllin Blómahús
Mosatorgi, Mosfellibær - S. 566 8588

Munið Bóndadaginn 19. janúar



Prettándagleðin





**Bestu pizzurnar
í bænum**

PVERHOLT 2 - KJARNI

MOSFELLINGUR

GK
Snyrtistofa

Kjarna
Pverholti 2
Sími: 534 3424



Nú er kátt hjá álfum öllum...

Hin árlega Brettándabrenna var haldin með öllu tilheyrandi laugardaginn 6. janúar. Fjöldi manns lagði leið sína að brennunni þar sem Álfakóngur og drottning leiddu fjöldasöng. Út um allt sáu st í hinar ýmsu kynjaverur og þar á meðal voru þessir fögru álfar sem skemmtu sér konunglega. Eftir söng og gleði var svo frábær flugeldasýning björgunarsveitarinnar Kyndils.

Ljós. Hilmar



Lindarbyggð - laus strax

Afar fallett og vel skipulagt 182 fm. parhús við eina falletustu götu Mosfellsbæjar. Húsið er hannað af Ingimundi Sveinssyni arkitekt. Vönduð gólfefni og innréttingar, Mikil lofthæð. Sólskáli og falletgur garður. Hellulagnir með snjóbræðslu. Topp eign í mjög barnvænu hverfi. Eignin getur losnað strax. **V. 42 m.**



Sími:
588 55 30

Opíð virka daga frá kl. 9-18
Netfang: berg@berg.is • www.berg.is

Pétur Pétursson
Löggiltur fasteignasali GSM: 897 0047



Dalatangi

Nýtt í sölu. Mjög vandað og vel skipulagt 190 fm. einbýli við gróna og glæsilega götu í Mosfellsbæ. 5 svefnherbergi, 2 snyrtingar og sólstofa. Mjög veglegur garður með sólpalli og skjólveggjum af bestu gerð. Lækur og tjörn í garði og brú yfir. Falletgur gróður. Tré og runnar. Hellulagt bílaplan. Góður bílskúr. **V. 45 m.**



Furubyggð

Mjög vandað 164 fm. parhús við Furubyggð í Mosfellsbæ. Flottar innréttingar. Glæsilegt eldhús með góðu þvottahúsi inn af með útgengi í bakgarð. Björt stofa og sólstofa. 4 svefnherbergi og 2 baðherbergi. Sólfallur með skjólveggjum. Hellulagt bílaplan. Lokuð gata á skjólsælum stað. **V. 38.5 m.**



Hjarðarland - Nýtt í sölu

Mjög vandað 304 fm. einbýli með auka íbúð á neðri hæð. 4 góð svefnherbergi. 2 baðherbergi. Tvíberður bílskúr. Falletgur garður í góðri rækt. Topp eign á flottum stað í Mosó.



Reykjabyggð

Vorum að fá í sölu glæsilegt 206 fm. einbýli við Reykjabyggð í Mosfellsbæ. Gott skipulag. Stór bílskúr. Rúmgóð stofa með arni. Tvö baðherbergi flísalögð. Þvottahús flísalt í hóf og gólf. 5 herbergi. Mjög fjölskylduvænt hús. Nýlegur 40 fm. sólpallur. **V. 45,7 fm.**



Háholt

Mjög glæsileg 107 fm. íbúð með sér inngangi við Háholt. Afar vönduð gólfefni og flottar innréttingar. Frábær hönnun. 3 svefnherbergi. Eign á mjög eftirsóttum stað. **V. 26,7**



Stórikriki - Raðhús

Nýtt á sölu
Fjórar 219 fm- 244 fm raðhúsaíbúðir á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúrum á fallettum útsýnisstað fremst í Stórakriki í Mosfellsbæ. Húsin afhendast tilbúin til innréttinga og fullbúin að utan. **V. 42,5 m.**

Berg fasteignasala stofnuð 1989

mosfellingur@mosfellingur.is - www.mosfellingur.is